

Reykjavík, 18. mars 2024

Umsögn skólaráðs Rimaskóla varðandi Tilraunaverkefni um sumarfrístund frá því að grunnskóla lýkur fram að skólasetningu fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu í nokkrum hverfum Reykjavíkur.

Skólaráð Rimaskóla hefur farið yfir kynningarbréfið varðandi Tilraunaverkefni um sumarfrístund frá því grunnskóla lýkur.

Við viljum vekja athygli á því að grunnskólinn starfar eftir lögum um grunnskóla 2008 nr. 91. Gæta þarf þess að verkefni sem þessi taki ekki af fjármagni af lögbundnu hlutverki grunnskólans.

Árlegur meðalrekstrarkostnaður á hvern nemenda í grunnskólum hefur hækkað töluvert og má geta að hann hefur hækkað yfir tveggja ára tímabil um 12,8% - 2.659.435. krónur á mann (sjá Hagstofa Íslands – nóvember 2023). Ef starfsmenn skóla sem er með lögbundið hlutverk eru fengnir í verkefni til að manna sumarfrístund þá mun kostnaður aukast. Ef kostnaður á ekki að aukast þá mun þjónusta við nemendur á lögbundnum starfstíma grunnskóla skerðast. Yfirvöld verða að vera meðvituð um kostnaðaraukningu sem ákveðið er að fara í.

Ljóst er að það starfsfólk grunnskóla sem tekur þátt í þessu verkefni mun ekki geta tekið þátt í undirbúningi og námskeiðum sem skólinn stendur iðulega fyrir á haustin.

Fulltrúar skólaráðs Rimaskóla velta fyrir sér hvort búið sé að þarfagreina þetta verkefni. Hversu mörg börn hafa þörf á að nýta sér þessa þjónustu? Markmið verkefnis er það í raun hugsað fyrir aðlögun tilvonandi skólabarna eða hreinsa upp biðlista á leikskólum?

Virðingarfyllst,

Skólaráð Rimaskóla

Erla Þóra Ragnarsdóttir  
Ásgerður Sófusdóttir  
Helga Sveinsdóttir  
Sóley Þóra Helgadóttir  
Kristjan Magnússon  
Þóra Anna Rose Ólafsdóttir